

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársskýrsla
2006

Efnisyfirlit

1.	Aðfaraorð formanns	3
2.	Starfsemi Úrvinnslusjóðs 2006	4
2.1	Stjórn og starfsmenn	4
2.2	Hlutverk og verklag	4
2.3	Álagning úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappír, pappa og plasti	5
2.4	Nýir skilmálar vegna endurnýtingar umbúða	5
2.5	Endurmat á umbúðamagni	5
2.6	Sveitarfélög, ákvæði í lögum um ábyrgð Úrvinnslusjóðs á umbúðamagni	6
2.7	Lagabreytingar	6
2.8	Árangur við innsöfnun umbúða	6
2.9	Breyttir hjólbarðaskilmálar	6
2.10	Ökutæki	6
2.11	Veidarfærasamningur	6
2.12	Vefur endurnýjaður	7
2.13	Stefnumótun	7
2.14	Skoðanakannanir	7
2.15	Erlend samskipti	8
3.	Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2006	9
3.1	Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra	10
3.2	Áritun endurskoðenda	10
3.3	Rekstrarreikningur ársins 2006	11
3.4	Efnahagsreikningur 31. desember 2006	11
3.5	Sjóðstreymi árið 2006	12
3.6	Skýringar með ársreikningi 2006	12
3.7	Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2006	16
4.	Rekstur úrvinnslugjaldskerfisins	17
4.1	Fjárhagsafkoma	17
4.2	Kostnaður við framkvæmd laga um úrvinnslugjald	18
4.3	Samánburður við rekstraráætlun 2006	18
5.	Rekstraryfirlit eftir einstökum vöruflokkum	21
5.1	Heyrúlluplast	21
5.2	Samsettar umbúðir	22
5.3	Oliuvörur	23
5.4	Lifræn leysiefni	24
5.5	Halógeneruð efnasambönd	25
5.6	Ísósýanöt	26
5.7	Málning og litarefni	27
5.8	Prentlitir	28
5.9	Rafhlöður	29
5.10	Blýsýrurafgeymar	30
5.11	Vörur í ljósmyndaiðnaði, framköllunarvökvar	31
5.12	Kvikasilfurvörur	32
5.13	Varnarefni	33
5.14	Kælimiðlar	34
5.15	Hjólbarðar	35
5.16	Pappa- og pappírsumbúðir	36
5.17	Plastumbúðir	37
5.18	Ökutæki	38

Útgefandi: Úrvinnslusjóður 2007
Ljósmynd á forsiðu: H2 Hönnun
Prentvinnsla: Prentsmiðjan Gutenberg

1. Aðfaraorð formanns

Viðamesta verkefni ársins 2006 hjá Úrvinnslusjóði var að taka umbúðir inn í úrvinnslugjaldskerfið. Þann 1. janúar var úrvinnslugjald lagt á umbúðir úr pappa, pappír og plasti. Þar með var hrundið í framkvæmd tilskipun Evrópusambandsins um umbúðamál að mestu. Það segir nokkuð um umfang verksins að verkefnið er með því mesta sem Tollstjóraembættið, sem innheimtir gjaldið, hefur komið að. Þess ber og að geta að fyrirtæki urðu að breyta hugbúnaði sínum varðandi gerð tollskýrsla og tókst það með ágætum. Umbúðir er að finna í flestum tollskránúmerum sem segir mikið um framkvæmdina. Ákvæði Evrópubandalagsins eru stíf og vaxandi, en minnst 50% og mest 65% umbúða miðað við þyngd skulu endurnýtt. Þar af minnst 25% og mest 45% endurunnin og þó minnst 15% hvers umbúðaefnis. Ekki er alveg einfalt að meta magn umbúða og stundum jafnvel ekki hvað eru umbúðir og hvað ekki.

Á árinu lauk sú nefnd umhverfisráðherra störfum sem fjallaði um verka- og kostnaðarskiptingu sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs. Þar var m.a. niðurstaðan að Úrvinnslusjóður skuli ábyrgur fyrir því að markmið EB náist varðandi umbúðir og miða skuli markmiðin við landið í heild en ekki einstök sveitarfélög.

Á árinu gekk í gildi bann við urðun hjólbarða sem herðir á meðhöndlun þessa hluta úrgangs. Einnig var gerður samningur við LÍÚ um söfnun og meðhöndlun úrgangs frá veiðarfærum úr gerviefnum. Talið var að árlega féllu til um 1.100 tonn af slíkum veiðarfæraúrgangi. Á árinu var unnin ítarleg stefnumótun og verkefnaáætlun fyrir sjóðinn.

Skóðanakannanir sem Úrvinnslusjóður lét framkvæma, sýna að nær 95% landsmanna telja endurvinnslu úrgangs mikilvæga þannig að þessi starfsemi nýtur meðbyrs í þjóðfélaginu.

Margar þjóðir eru langt komnar við endurnýtingu úrgangs og hafa sumar þróað athyglisverðar aðferðir og kerfi í því sambandi. Afar mikilvægt er fyrir Úrvinnslusjóð að fylgjast vel með þeirri þróun sem á sér stað á þessum vettvangi þannig að við séum ekki að finna upp hjólið hér á landi. Erlend samskipti þarf því að rækta og á árinu gerðist Úrvinnslusjóður aðili að PRO EUROPE sem eru aðilar sem hafa umsjón með söfnun og endurnýtingu umbúða í hinum ýmsu Evrópulöndum og Kanada.

Úrvinnslusjóður hefur miðað starf sitt við það að sem flestir eigi aðgang að endurvinnslu úrgangs og þannig nýtist frumkvæði og hugmyndaauðgi sem flestra. Úrgangur er að verða mikilvægt hráefni í sumum greinum. Stjórn sjóðsins hefur áhuga á að kynna þennan þátt, þ.e. endurnýtingu úrgangs, frekar en gert hefur verið og má í því efni benda á að margar þjóðir hafa árlega svonefnda endurvinnsluviku þar sem helstu þættir þessa viðfangsefnis eru kynntir. Áhugavert er að koma slíku framtaki af stað hér.

Ástæða er til að þakka gott samstarf við ýmsar stofnanir ríkis og sveitarfélaga og hagsmunaaðila innan atvinnulífsins. Sérstaklega er þakkað gott og mikið samstarf við umhverfisráðuneytið.

Guðm. G. Þórarinsson
Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs.

2. Starfsemi Úrvinnslusjóðs árið 2006

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim er Úrvinnslusjóður settur á stofn og jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar, en Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um Úrvinnslusjóð er gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjald og Úrvinnslusjóð. Það var gert þann 28. mars 2003 með reglugerð nr. 227/2003. Hún var síðan felld úr gildi þann 30. júní 2003 með reglugerð nr. 501/2003.

Stjórn Úrvinnslusjóðs fer með ábyrgð á rekstri sjóðs-ins gagnvart ráðherra.

2.1 Stjórn

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Hann skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:

Einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landsambands íslenskra útvegsmanna,

einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVP – Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Stjórn Úrvinnslusjóðs skipa Guðmundur G. Þórarinnsson, stjórnarformaður, Sigurður Jónsson, frá SVP-Samtökum verslunar og þjónustu, varaformaður, Bryndís Skúladóttir frá Samtökum Iðnaðarins, Guðfinnur Johnsen, frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva og Stefán Hermannsson, fyrrverandi borgarverkfræðingur fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga.

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs eru fimm.

2.2 Hlutverk og verklag

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Sjóðurinn skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög um Úrvinnslusjóð.

Úrvinnslusjóður á að leitast við að skapa sem hag-

Álagning og breytingar úrvinnslugjalds

Vöruflokkur	1.1.2003	1.1.2004	1.1.2005	1.1.2006	1.3.2007
01 Heyrúlluplast		25,00			
02 Samsettar drykkjarvöruumbúðir	22,23		10,00		
02 Samsettar drykkjarvöruumbúðir (kr./stk.)	0,59-0,73		0,26-0,33		
04 Oliuvörur aðrar en brennsluolia	11,50	14,50			13,00
04 Svartolia	0,00				
05 Lifræn leysiefni	3,00				
06 Halógeneruð efnasambönd	105,00		130,00		
07 Ísósýanöt	1,30	1,50			
08 Olíumálning	17,00	20,00			
09 Prentlitir	20,00	34,00			25,00
10 Mangandíoxíðrafhlöður	91,00		45,50		
10 Lípiumrafhlöður	171,00		85,50		
10 Rafhlöður með nikkeldmíum	202,00		101,00		
10 Rafhlöður með kvikasilfri	559,00		279,50		
10 Alkalískar hnapparafhlöður (kr./stk.)	5,00		2,50		
11 Rafgeymar með síru	19,00				
11 Rafgeymar án síru	26,60				
11 Rafgeymar í tækjum (kr./ökutæki)	104,50-1.672				
11 Rafhlöður í rafmagnsspennum	19,00				
12 Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði	36,75-294	51,00-408,00			
13 Kvikasilfursvörur	900,00				
14 Varnarefni, útrýmingar- og fúavarnarefni	3,00				
15 Kælmiðlar	2,50				
16 Hjólbarðar	36,02		30,00	20,00	15,00
16 Hjólbarðar (kr./ökutæki)	72,04-36.020		60-30.000	40-20.000	30-15.000
17 Veidarfæri				0,00	
18 Pappír- og pappaubúðir				10,00	7,00
20 Plastumbúðir				10,00	3,00
51 Ökutæki (kr./ökutæki á ári)	1.040,00		700,00		

Ath. Úrvinnslugjald er alls staðar í kr/kg nema annars sé getið


kvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semja við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á.

Úrvinnslusjóður skal ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir uppgjörsflokki, svo og um magn og skilahlutfall gjaldskyldrar vöru og úrvinnslu hennar. Auk þess gerir Úrvinnslusjóður ár hvert fjárhagsáætlun fyrir næsta ár þar á eftir með hliðsjón af áætlun um magn gjaldskyldrar vöru á markaði, flokkaðs úrgangs sem safnast og kostnaði við úrvinnslu hans á grundvelli útreikninga, útboða og verksamninga.

Ef gjaldskyld vara er sannanlega flutt úr landi og kemur ekki til úrvinnslu hér á landi, skal Úrvinnslusjóður hlutast til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjaldið samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Þá er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Við öflun hráefna og orku er oft gengið á náttúruleg gæði og sama gildir um úrgang sem verður til við vörunotkun og þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki.



Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni í formi úrgangs sem þarf að farga. Reynt er með hagrænum hvötum að stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu.

Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilgjalds.

Söfnunarstöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer úrgangurinn til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.



Móttökustöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum.

2.3 Álagning úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappír, pappa og plasti

Hafin var gjaldtaka úrvinnslugjalds á umbúðir úr pappír, pappa og plasti á árinu og var gjaldið 10 kr/kg. Álagningin sem er flókin og umfangsmikil framkvæmd gekk hnökralítið.

Undirbúningur álagningarinnar hófst á árinu 2005 með því að skipaður var samráðshópur. Í honum voru fulltrúar frá SVP-Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum iðnaðarins, Tollstjóra, tollmiðlurum og Úrvinnslusjóði. (sjá nánar í ársskýrslu Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2005)

Rík áhersla var lögð á það við undirbúning álagningar úrvinnslugjalds á umbúðir, að álagning hefði ekki för með sér tafir á vörustreymi til landsins.

Breyting var gerð á lögum á vörþingi 2006 til einföldunar við innflutning umbúða sem ekki bera úrvinnslugjald, þ.e.a.s. umbúðir sem fara til útflutnings með einum eða öðrum hætti. Breytingin kveður á um að Skattstjórinn í Reykjavík geti gefið út úrvinnslugjaldsskírteini til fyrirtækja sem stunda innflutning á umbúðum til endursölu. Úrvinnslugjaldsskírteinið veitir fyrirtækjum heimild til að gera upp úrvinnslugjaldið hjá RSK, eins og um innlenda framleiðslu sé að ræða.

2.4 Nýir skilmálar vegna endurnýtingar umbúða

Þann 1. apríl tóku gildi nýir skilmálar vegna endurnýtingar umbúða. Fyrri skilmálar náðu aðeins til bylgjupappa og glærrar plastfilma en að þessu sinni voru allar umbúðir úr pappír-, pappa- og plastefnum teknar með og endurgjaldi fyrir endurnýtingu breytt. Flutningsjöfnun var skilgreind m.v. flutning til Reykjavíkur frá öllum stöðum á landinu.

Endurgjald vegna umbúða	Fyrir	Eftir
	01.04. '06 [kr/kg]	01.04. '06 [kr/kg]
Bylgjupappi	8	8
Pappír og sléttur pappi		10
Plastfilma	9	15
Stift plast og annað plast		15
Frauðplast		30

2.5 Endurmat á umbúðamagni

Að liðnum fyrstu níu mánuðum ársins var gerð ítarleg athugun af Logisys A/S, dönsku ráðgjafarfyrirtæki sem aðstoðaði við gerð reiknireglna til að meta umbúðamagn út frá nettóþyngd vöru, og Úrvinnslusjóði á innheimtu úrvinnslugjalds á umbúðir. Í ljós kom að nauðsynlegt var að lagfæra ofangreindar reiknireglur þar sem magn plastumbúða var ofmetið en magn umbúða úr pappír og pappa vanmetið. Í ljósi þessarar niðurstöðu var lagt til að álagningarstofni úrvinnslugjalds yrði breytt og lagði stjórn Úrvinnslusjóðs fram ósk þess efnis til umhverfisráðherra í lok október 2006.

Stjórnin lagði jafnframt til við umhverfisráðherra að lækka úrvinnslugjald á umbúðir úr pappír og pappa úr 10 kr/kg í 7 kr/kg og úrvinnslugjald á umbúðir úr plasti úr 10 kr/kg í 3 kr/kg.

2.6 Sveitarfélög, ákvæði í lögum um ábyrgð Úrvinnslusjóðs á umbúða-úrgangi

Nefnd sem skipuð var af ráðherra, á árinu 2005, til að fjalla um verka- og kostnaðarskiptingu Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga lauk störfum sínum snemma árs 2006. Helstu niðurstöður nefndarinnar voru að fyrirkomulag varðandi úrgang sem bannað er að urða verði óbreytt, sveitarfélögin verði áfram ábyrg en geti hætt móttöku ef tryggt sé að annar aðili annist það. Ennfremur að Úrvinnslusjóður skuli vera ábyrgur fyrir að ná tölulegum markmiðum Íslands fyrir umbúðaúrgang, samkvæmt kröfum ES, og að markmiðunum skuli náð á landsvisu en ekki í sérhverju sveitarfélagi.

2.7 Lagabreytingar

Lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald var breytt einu sinni á árinu með lögum nr. 106/2006. Þar var lögð fram breyting á innheimtu úrvinnslugjalds á umbúðir. Jafnframt var kveðið á um útgáfu úrvinnslugjaldsskirtenis til fyrirtækja er hefðu innflutning og endursölu á umbúðum sem hluta af starfsemi sinni. Úrvinnslugjaldsskirtenið gerir fyrirtækjum það mögulegt að flytja inn umbúðir án þess að greiða af þeim úrvinnslugjald. Það auðveldar fyrirtækjum að halda lager af umbúðum án þess að tilgreina við innflutning hvort viðkomandi umbúðir fari til notkunar innanlands eða til útflutnings. Þar með fer greiðsla úrvinnslugjalds fram með sama hætti hvort sem umbúðir eru innfluttar eða framleiddar hér á landi.

Í lögnum er einnig ákvæði um ábyrgð Úrvinnslusjóðs við að ná markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2005 um endurnýtingu umbúða úr pappír, pappa og plasti. Þar með ákveður Úrvinnslusjóður, í samræmi við áætlun sína um að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, fyrir hvaða tegundir umbúðaúrgangs sem úrvinnslugjald er lagt á, hann greiðir. Greiðslur vegna flutninga umbúðaúrgangs innanlands skulu einnig ákveðnar af Úrvinnslusjóði.

2.8 Árangur við innsöfnun umbúða

Evróputilskipun nr. 94/62/ESB um meðhöndlun umbúða, setur aðildarríkjum EES eftirfarandi markmið um endurnýtingu og endurvinnslu umbúða: „Skulu í minnsta lagi 50% og í mesta lagi 65% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt“ og „skulu í minnsta lagi 25% og mesta lagi 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi endurunni og þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðaefnis fyrir sig“.

Með lögum nr. 106/2006, 7. gr., var Úrvinnslusjóði falið að ná tölulegum markmiðum um umbúðaúrgang á landsvisu. Slik markmið eru annars á ábyrgð sveitarfélaga. Markmið um árangur eru sett í lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og í reglugerð nr. 737/2003, 5. gr.

Samkvæmt tölum Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2006 var árangur af innsöfnun umbúða 48%. Af rúmlega 19.000 tonnum af pappír- og pappambúðum, sem sett voru á markað á Íslandi, söfnuðust tæplega 8.600 tonn. Sambærilegar tölur fyrir plastumbúðir samsvarar 22% árangri við innsöfnun. Þá eru taldar með skilgjalds-umbúðir og heyrullplast.

2.9 Breyttir hjólbarðaskilmálar

16. júlí 2006 gekk í gildi bann við urðun hjólbarða. Úrvinnslusjóður gaf þá út nýja skilmála um endurnýtingu og jafnframt hækkaði endurgjald vegna endurnýtingar og endurvinnslu. Í skilmálunum er gert ráð fyrir urðun með undanþágu, annars vegar fyrir notkun kurlaðra hjólbarða sem byggingarefni á urðunarstöðum og hins vegar fyrir mjög stóra hjólbarða. Í þessum skilmálum var tekin upp flutningsjöfnun vegna hjólbarða. Greitt er fyrir flutning frá upprunastöðum til helstu ráðstöfunarstaða sem eru brennslur með orkunýtingu og útflutningshafnir.

Endurgjald vegna hjólbarða	Fyrir 16.07. '06 [kr/kg]	Eftir 16.07. '06 [kr/kg]
Urðun kurlaðra hjólbarða	25	
Endurnýting og endurvinnsla	30	
Endurnýting (brennsla)		35
Endurvinnsla (erlendis)		40
Endurnotkun (urðun)		27
Urðun hjólbarða með D >1,4 m		25

2.10 Ökutæki

Úrvinnslusjóður gerði samning við Frumherja hf um að gera úttekt á söfnunar- og móttökustöðum sem taka á móti ökutækjum til úrvinnslu. Skoðaðar voru 44 stöðvar á landinu þar af tvær sem einnig eru móttökustöðvar, þ.e. Fura og Hringrás.

Helstu niðurstöður voru:

- Yfir 60% söfnunarstöðva eru opnar alla virka daga
- Um 10% söfnunarstöðva eru opnar nokkra daga í viku
- 65% af starfssvæðum söfnunarstöðva eru afgirt
- Í 55% tilvika eru ökutækin geymd á sérstökum svæðum
- Í 20% tilvika voru engin ökutæki til staðar
- Í 50% tilvika voru færri en 20 ökutæki á staðnum en mesti fjöldi ökutækja sem biðu úrvinnslu var 150
- Á 30% söfnunarstöðva voru ökutækin hreinsuð af spilliefnum jafnóðum
- Í 50% allra tilvika fer hreinsunin fram á starfssvæði söfnunarstöðvarinnar. Önnur ökutæki voru ýmist hreinsuð á verkstæði í nágrenni söfnunarstöðvarinnar, af starfsmönnum flutningsaðila eða spilliefni voru ekki fjarlægð

Úttektin leiddi einnig í ljós að móttaka og útgáfa skilavottorða var almennt í lagi, geymsluaðstaða taldist ásættanleg en hreinsun spilliefna var ekki nægjanlega vel framkvæmd. Gerðar voru ráðstafanir til að bæta framkvæmd hreinsunar á spilliefnum úr ökutækjunum og skiluðu þær árangri. Skil úrsérgenginna ökutækja hafa sexfaldast frá fyrsta starfsári miðað við íbúafjölda.

2.11 Veidarfærasamningur

Gert var samkomulag við Landsamband íslenskra útvegsmanna um meðhöndlun á úrgangi frá veidarfærum úr gerviefnum á grundvelli 8 gr. laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Gengið var frá samningnum 29.08. '05 og er árið 2006 fyrsta árið sem hann er í gildi. Opnuð var móttökustöð fyrir veidarfæraúrgang úr gerviefnum á starfssvæði Hampiðjunnar við Grandagarð í Reykjavík. Þangað berst veidarfæraúrgangur frá öllu landinu, þar er hann yfirfarinn og gætt að því að ekki séu í honum aðskotahlutir, áður en hann er sendur til endurvinnslu. Utgerðarfyrirtæki hafa einnig sent veidarfæraúrgang

til endurvinnslu, mestmegnis til Litháen, en einnig til Danmerkur og Bretlands. Fyrirtækið Plasmótun að Læk í Ölfusi hefur undanfarin ár endurnnið veiðarfæri og uppi eru hugmyndir um að auka þá vinnslu.

Samningurinn gerir ráð fyrir að um 1.100 tonn af veiðarfæraúrgangi úr gerviefnum falli til á ári hverju á Íslandi og þar af sé safnað 45% til endurvinnslu.

2.12 Vefur endurnýjaður

Á árinu var opnaður nýr og endurbættur vefur um starfsemi Úrvinnslusjóðs.

Í framtíðinni er honum ætlað að vera miðstöð upplýsinga um árangur í starfi Úrvinnslusjóðs sem og miðill upplýsinga um endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs.

Vefurinn inniheldur allar almennar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, á íslensku og ensku. Lögð var áhersla á að sameina allt sem við kemur hverjum vöruflokki á sömu síðu, þ.e. upplýsingar um þjónustuaðila, ráðstöfunaraðila, uppgjörseyðublöð, greiðslur, gjaldskrá, tengingar við lög og reglugerðir ásamt umsóknareyðublöðum fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að gerast samstarfsaðili Úrvinnslusjóðs.

2.13 Stefnuþótun

Stjórn og starfsmenn Úrvinnslusjóðs unnu á árinu að mótun stefnu og verkefnaáætlun fyrir sjóðinn. Þar er fjallað um aðgerðir til að ná settum markmiðum, mikilvægustu verkefni sjóðsins á næstu árum og þá árangursmælikvarða sem stuðst verður við. Saman mynda stefnan og áætlunin langtímastefnu Úrvinnslusjóðs.

Stefnan og verkefnaáætlunin voru staðfest af stjórn Úrvinnslusjóðs og send til umhverfisráðuneytisins til umfjöllunar í samræmi við ákvæði í lögum um sjóðinn. Í 17. grein laga um úrvinnslugjald er fjallað um hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs. Þar er meðal annars kveðið á um að stjórn sjóðsins móti stefnu um starfsemi sjóðsins, svo sem um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og leggi fyrir ráðherra til staðfestingar. Gert er ráð fyrir að langtímastefnan verði formfest með árangursstjórnunarsamningi milli umhverfisráðuneytisins og Úrvinnslusjóðs.

2.14 Skoðanakannanir


Á fyrri hluta árs lét Úrvinnslusjóður kanna umfang endurvinnslu á meðal almennings og hvernig megi auka það. Sem dæmi um útkomu könnunarinnar má nefna:

- 74,8% telja endurvinnslu mjög mikilvæga
- 19,8% telja endurvinnslu frekar mikilvæga
- 17,3% flokka sorpið alltaf
- 24,5% flokka sorpið oft og 24,5 % flokka sorpið stundum

Úrtak könnunarinnar var 1.350 manns á öllu landinu á aldrinum 16-75 ára og var það valið af handahófi úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 63,6%. Könnunin, sem var símakönnun, fór fram 5. apríl til 2. maí 2006 og var framkvæmd af IMG Gallup (nú Capacent).

2.15 Erlend samskipti

Úrvinnslusjóður gerðist á haustmánuðum aðili að PRO EUROPE sem eru regnhlífarsamtök um það bil 30 aðila í hinum ýmsu Evrópulöndum, sem hafa umsjón með söfnun og endurnýtingu umbúða. Flest þessara fyrirtækja nota „Græna punktinn“ sem auðkenni á umbúðir sem eru hluti af söfnunarkerfum fyrirtækjanna. Fyrir utan að hafa umsjón með notkun „Græna punktans“ sinna samtökin hlutverki sem málsvari hagsmuna sem tengjast aðildarfyrirtækjunum. Þá eru þau vettvangur fyrir umræðu um söfnun og endurnýtingu umbúða. Á vegum samtakanna eru vinnuhópar þar sem sérstaklega er fjallað um tækni, markaðs- og kynningarmál í tengslum við endurvinnslu.



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársreikningur 2006

3.1 Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings	10
3.2 Áritun endurskoðenda	10
3.3 Rekstrarreikningur	11
3.4 Efnahagsreikningur.....	11
3.5 Sjóðstreymi.....	12
3.6 Skýringar	12
3.7 Uppgjör ársins eftir vörflokkum.....	13

Úrvinnslusjóður Suðurlandsbraut 24 Reykjavík. 530803-3680

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Úrvinnslusjóður er sjóður sem heyrir undir Umhverfisráðuneytið. Meginhlutverk hans er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs.

Á árinu 2006 varð 291,2 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 1.213,7 m.kr., skuldir 192,9 m.kr. og eigið fé nam 1.020,8 m.kr. í árslok 2006.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. júlí 2007.

Í stjórn

Guðmundur G. Þórarinsson
formaður (sign)

Guðfinnur G. Johnsen (sign)
Ögmundur Einarsson (sign)

Sigurður Jónsson (sign)
Bryndís Skúladóttir (sign)

Framkvæmdastjóri
Ólafur Kjartansson (sign)

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Úrvinnslusjóðs

Við höfum endurskoðað ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Úrvinnslusjóðs á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 6. júlí 2007

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Kristjana Ólöf Sigurðardóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Tekjur			
Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara		692.111.603	513.793.253
Úrvinnslugjöld vegna innlendrar framleiðslu		51.525.638	9.941.534
Úrvinnslugjöld vegna ökutækja		149.209.882	139.661.533
	1	<u>892.847.123</u>	<u>663.396.320</u>
Gjöld			
Rekstrarkostnaður	2-3	76.153.700	69.866.524
Móttökustöðvargjöld		315.060.150	253.287.332
Flutningsgjöld		90.310.718	67.450.859
Söfnunarstöðvargjöld		47.548.615	27.458.161
Önnur meðhöndlunargjöld		27.325.091	26.705.489
Skilagjald		138.246.850	118.120.587
		<u>694.645.124</u>	<u>562.888.952</u>
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur.....		198.201.999	100.507.368
Fjármunatekjur	4	<u>93.031.145</u>	<u>51.391.002</u>
Tekjuafgangur ársins.....		<u>291.233.144</u>	<u>151.898.370</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Skýr.	2006	2005
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	6	1.072.485.390	750.870.701
Úrvinnslugjald		140.091.363	65.301.426
Handbært fé		1.161.585	1.066.055
		<u>1.213.738.338</u>	<u>817.238.182</u>
Eignir alls		<u>1.213.738.338</u>	<u>817.238.182</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll			
Höfuðstóll í ársbyrjun		729.558.032	577.659.662
Tekjuafgangur ársins		291.233.144	151.898.370
Eigið fé	7	<u>1.020.791.176</u>	<u>729.558.032</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Víðskiptaskuldir		192.947.162	87.680.150
Skuldir	5	<u>192.947.162</u>	<u>87.680.150</u>
Eigið fé og skuldir alls		817.238.182	679.316.695
		<u>1.213.738.338</u>	<u>817.238.182</u>

Sjóðstreymi árið 2006

	2006	2005
Rekstrarhreyfingar		
Veltufé frá rekstri		
Tekjuafgangur	291.233.144	151.898.370
Veltufé frá rekstri	291.233.144	151.898.370
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur (hækkun)	(396.404.626)	(137.859.144)
Viðskiptaskuldir (lækkun) hækkun	105.267.012	(13.976.883)
	(291.137.614)	(151.836.027)
Handbært fé frá rekstri	95.530	62.343
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	95.530	62.343
Handbært fé í ársbyrjun	1.066.055	1.003.712
Handbært fé í lok ársins	1.161.585	1.066.055

3.6 Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Tekjuskattar

Úrvinnslusjóður er undanþeginn álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur Úrvinnslusjóðs er úrvinnslugjald sem lagt er á gjaldendur af álagningaraðilum og innheimt hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Úrvinnslugjaldið er færð í fjárhagsbókhald samkvæmt skilagreinum frá tekjubókhaldskerfi ríkisins án samþykkis Úrvinnslusjóðs.

Skráning gjalda

Gjöld eiga að bókast þegar reikningar berast stofnuninni. Reikningar eru áritaðir og samþykktir til bókonar. Skilagjald ökutækja er gjaldfært samkvæmt skilagreinum án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Bókhald og fjárvarsla

Úrvinnslusjóður er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Í því felst að Fjársýslan annast færslu bókhalds samkvæmt samþykktum reikningum frá sjóðnum annars vegar og hins vegar samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi án staðfestingar sjóðsins.

Fjárheimildir og rekstur

Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins sé fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Fjárveitingar á fjárlögum 2006 til Úrvinnslusjóðs námu samtals 750 m.kr.

Álagt úrvinnslugjald nam 892,8 m.kr. sem er 142,8 m.kr. hærra en endanlegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Sértekjur sjóðsins voru 93 m.kr. eða 85 m.kr. hærra en fjárheimild gerði ráð fyrir. Rekstrargjöld sjóðsins námu 694,7 m.kr. sem var 63,3 m.kr. lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Rekstrargjöld, að frádrögnum mörkuðum- og sértekjum, námu samtals 291,2 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús.kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	750.000	750.000	892.847	(142.847)
Sértekjur	8.000	8.000	93.059	(85.059)
Rekstur vörflokka	(703.000)	(703.000)	(630.007)	(72.993)
Annar kostnaður	(54.000)	(54.000)	(63.364)	9.364
	1.000	1.000	292.535	(291.535)
Eignakaup	(1.000)	(1.000)	(1.302)	302
	0	0	291.233	(291.233)

Rekstrarreikningur ársins 2005, sundurliðaður eftir tegundum, er með eftirgreindum hætti:

	2006	2005
Úrvinnslugjald	892.847.123	663.396.320
Tekjur af þjónustu og önnur framlög	93.059.136	51.414.318
Rekstur vörflokka	(630.006.783)	(511.628.787)
Annar kostnaður	(63.364.097)	(51.017.730)
	292.535.379	152.164.121
	(1.302.235)	(265.751)
Samtals	291.233.144	151.898.370

Sundurliðanir

1. Úrvinnslugjald

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2006 að teknu tilliti til breytinga og afskrifta nam tæplega 700,5 m.kr. Endurgreitt úrvinnslugjald vegna útflutnings, endurnýtingar og leiðréttrar álagningar nam 8,4 m.kr. Tekjur af úrvinnslugjaldi vegna innfluttra vara á árinu 2006 voru því 692,1 m.kr. Álagning á innfluttar vörur er í höndum tollstjóra.

Úrvinnslugjald innlendirar framleiðslu er vegna málningar, leysiefna, pappa- og pappírsumbúða og plastumbúða. Álagning á innlenda framleiðslu er í höndum ríkisskattstjóra.

Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem lagt er á ökutæki og er það innheimt með bifreiðagjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu á ökutæki. Öll innheimta er í höndum sýslumanna/tollstjóra.

2. Laun og launatengd gjöld

Í árslok 2006 var fjöldi starfsmanna Úrvinnslusjóðs 5, ársverk á árinu voru 5 eins og árið áður. Launagjöld hækka um 5,9% milli ára. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2006	2005
Dagvinna	22.880.735	20.256.426
Yfirvinna	3.015.754	3.534.725
Aukagreiðslur	5.395.278	5.924.627
Launatengd gjöld	6.055.126	5.563.688
	37.346.893	35.279.466

3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður Úrvinnslusjóðs hækkaði milli ára um 4,2 m.kr. eða 12,2%. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar aðallega vegna aukinna auglýsinga og kynninga. Funda- og ferða-kostnaður hækkar líka vegna fleiri ferða erlendis. Sérfræðipjónusta lækkar aftur á móti milli ára. Umsýslugjald til ríkissjóðs er fært til gjalda hjá sjóðnum. Samkvæmt lögum skulu tekjur sjóðsins renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanskildu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem er ákveðið hlutfall af tekjum.

	2006	2005
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9.502.597	6.121.026
Funda- og ferðakostnaður	5.755.654	4.552.746
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	9.880.951	13.994.544
Rekstur tækja og áhalda	471.688	456.642
Umsýslugjald til ríkissjóðs	4.152.052	3.327.530
Húsnæðiskostnaður	4.984.602	4.525.595
Eignakaup	1.289.909	265.751
Afskrifað úrvinnslugjald	1.130.756	193.776
Ýmis kostnaður	1.638.598	1.149.448
	<u>38.806.807</u>	<u>34.587.058</u>

Úrvinnslugjöldi ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vöruflokkum. Sértekur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vöruflokki og því færður beint til gjalda á viðkomandi vöruflokk. Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vöruflokk og er skipt á vöruflokkka í réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vöruflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2006 eftir vöruflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Rétt er að geta þess hér að álögur og dráttarvaxtatekjur vegna úrvinnslugjalds, sem berast eftir eindaga, eru færðar til lækkunar á sameiginlegum rekstrarkostnaði í fylgiskjali samtals að fjárhæð 5,9 m.kr.

Rekstrarkostnaður, sértekur	11.515.359	18.606.359
Rekstrarkostnaður, sameiginlegur	64.638.341	51.260.165
	<u>76.153.700</u>	<u>69.866.524</u>

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur hækkuðu umtalsvert milli ára eða um 41,6 m.kr. Samkvæmt lögum voru greiddir vextir á inneign hjá ríkissjóði frá og með 1. janúar 2005. Hækkunin stafar af hækkun inneignar hjá ríkissjóði og hækkun vaxtaprósentu. Á árinu 2006 koma hér inn álögur og dráttarvextir vegna úrvinnslugjalds sem berst eftir eindaga, bæði vegna ársins 2005 og 2006, samtals 5,9 m.kr.

Vaxtatekjur	102.746.028	57.127.019
Fjármagnstekjuskattur	(9.686.892)	(5.712.701)
Vaxtagjöld	(27.991)	(23.316)
	<u>93.031.145</u>	<u>51.391.002</u>

5. Ýmsar skammtímaskuldir

Úrvinnslugjöldur hefur þjónustusamninga við fyrirtæki varðandi meðferð á vöruafgöngum samkvæmt lögum og reglugerðum.

Þjónustusamningar vegna meðferðar vöruafganga	176.890.754	51.853.987
Endurkröfur vegna útflutnings	0	4.096.678
Ýmis ógreidd gjöld	16.056.408	31.729.485
	<u>192.947.162</u>	<u>87.680.150</u>

Annað

6. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu sjóðsins gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum sjóðsins. Í árslok 2006 nam inneign sjóðsins hjá ríkissjóði 1.072,5 m.kr. og hafði batnað um 321,6 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2006	750.870.701
Greiðslur	(569.457.289)
Millifærslur	110.721.349
Markaðar tekjur, innheimtar af ríkissjóði	693.264.123
Fjármagnstekjur á viðskiptastöðu	87.086.506
Staða 31. desember 2006	<u>1.072.485.390</u>

7. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll sjóðsins sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hans gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2006 sýnir höfuðstóll sjóðsins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 1.020,8 m.kr.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2006	729.558.032
Tekjuafgangur ársins	291.233.144
Höfuðstóll 31. desember 2006	<u>1.020.791.176</u>

Kennitölur

Úrvinnslusjóður varð til 1. janúar 2003 með lögum nr. 162 frá 20. desember 2002. Úrvinnslusjóður er stofnun í eigu ríkisins og tók við öllum sjóðum og skuldbindingum Spilliefnanefndar sem var lögð niður frá sama tíma. Tölur vegna ársins 2002 eru því vegna Spilliefnanefndar.

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

Rekstur	2006	2005	2004	2003	2002
Tekjur	985.906	714.811	679.055	517.990	140.515
Gjöld	(694.673)	(562.866)	(370.748)	(279.856)	(158.010)
Tekjuafgangur (halli)	<u>291.233</u>	<u>151.945</u>	<u>308.307</u>	<u>238.134</u>	<u>(17.495)</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	<u>1.213.738</u>	<u>817.238</u>	<u>679.337</u>	<u>343.605</u>	<u>77.198</u>
Eignir alls	<u>1.213.738</u>	<u>817.238</u>	<u>679.337</u>	<u>343.605</u>	<u>77.198</u>
Höfuðstóll	1.020.791	729.558	577.660	269.353	31.219
Skammtímaskuldir	<u>192.947</u>	<u>87.680</u>	<u>101.677</u>	<u>74.252</u>	<u>45.979</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>1.213.738</u>	<u>817.238</u>	<u>679.337</u>	<u>343.605</u>	<u>77.198</u>

3.7 Uppgjör ársins 2006 eftir vöruflokkum

	Vöruf. 01	Vöruf. 04	Vöruf. 05	Vöruf. 06	Vöruf. 07	Vöruf. 08	Vöruf. 09	Vöruf. 10	Vöruf. 11	Vöruf. 12	Vöruf. 13	Vöruf. 14	Vöruf. 15	Vöruf. 16	Vöruf. 17	Vöruf. 18	Vöruf. 19	Vöruf. 20	Vöruf. 51	Samtals
Tekjur:																				
Álagt úrvinnslugjald vinnfluttra vara	41.217.650	104.191.827	4.379.487	7.119.060	728.700	25.042.580	18.506.106	8.646.499	38.231.199	8.632.814	36.000	613.434	199.574	164.679.664		173.243.115		104.036.883		700.504.593
Álagt úrvinnslugjald vinnledda vara og ökutækja			101.253			12.272.596										18.654.057		20.497.732		200.735.520
Endurgj. úrvj. v/lokkunar í aðrar vörur		-250.168	-685.296			0														-685.296
Endurgreitt úrvinnslugjald v/útlátnings							-7.457.525													-250.168
Endurgreitt úrvj. v/eign endurnýtingar			3.795.444	7.119.060	728.700	37.315.176	12.048.581	8.646.499	38.231.199	8.632.814	36.000	613.434	199.574	164.679.664	0	191.897.172	0	124.534.615	149.209.882	892.947.123
Tekjur samtals (nettó):	41.217.650	103.941.659	3.795.444	7.119.060	728.700	37.315.176	12.048.581	8.646.499	38.231.199	8.632.814	36.000	613.434	199.574	164.679.664	0	191.897.172	0	124.534.615	149.209.882	892.947.123
Gjöld:																				
Skilagjald	47.887.088	39.028.883	7.986.108	3.135.780	550.302	33.445.459	11.089.980	6.159.210	21.640.773	8.029.408	64.260	1.443.878	2.504.568	55.377.786		70.281.397		6.435.270		138.246.850
Méttökustöðvargjald		1.755.212	203.957	80.889	55.196	4.275.767	83.608	961.319	4.910.604	695.941	1.330	6.655		2.480.400		25.993.010				315.060.150
Söfnunarsköðvargjald		53.496.611	257.020	147.769	115.654	3.010.245	155.440	769.645	9.242.451	1.243.177	2.876	12.587		183.022		6.433.352		1.644.870		47.946.615
Flutningsgjald																				90.310.718
Ómur meðhöndlunargjöld		190				40.419		216	24.281					147.896						27.325.091
Afskrifað úrvinnslugjald			48					1.448.370												917.706
Rekstrarkostnaður, séráætur	2.709.553	6.832.884	249.504	467.991	47.903	2.453.013	792.046	568.401	2.513.230	567.501	2.367	40.326	1.3120	10.825.660		3.941.697		2.715.003		1.130.756
Rekstrarkostnaður, sameiginlegur	50.596.641	101.113.780	8.696.637	3.832.429	789.055	43.224.903	12.121.074	9.907.161	38.331.339	10.536.027	70.833	1.503.446	2.517.688	69.932.027	0	119.264.332	0	8.186.617		10.384.603
Gjöld samtals:	99.378.991	2.027.879	-4.901.193	3.286.631	-40.355	-5.908.727	-72.493	-1.260.662	-100.140	-1.903.213	-34.833	-890.012	-2.318.114	94.747.637	0	72.632.840	0	105.552.855	-48.091.473	204.146.638
Rekstrarmúrustaða án fjármagnsilfa																				
Fjármunartekjur m.v. meðal eigið fé	2.580.339	5.895.858	-89.806	-625.755	-56.118	-4.154.692	929.654	1.704.368	4.280.575	-1.335.065	20.671	83.730	2.718.358	47.289.936	-499.109	4.578.189	-46.646	5.117.915	18.694.104	87.086.506
Rekstrarmúrustaða ársins	-6.798.652	8.723.737	-4.990.999	2.860.877	-96.473	-10.064.420	857.161	443.706	4.180.434	-3.238.278	-14.162	-806.282	400.244	142.037.574	-499.109	77.211.030	-46.646	110.670.770	-29.397.369	291.233.144
Eigið fé í ársbyrjun	29.330.404	54.888.470	1.592.993	-7.618.953	-515.719	-36.720.311	8.913.966	16.906.172	40.927.356	-11.797.578	214.813	1.244.585	27.117.974	404.220.756	-4.766.235	7.402.933	-445.442	-3.902.972	202.564.816	729.558.032
Eigið fé í árslok	22.531.752	63.612.207	-3.398.005	-4.958.076	-612.192	-46.784.731	9.771.127	17.349.878	45.107.790	-15.035.856	200.652	438.303	27.518.218	546.258.330	-5.265.344	84.613.963	-492.087	106.767.798	173.167.447	1.020.791.176

4. Rekstur úrvinnslugjaldskerfisins

4.1 Fjárhagsafkoma

Bókfærðar brúttótekjur af reglulegri starfsemi (úrvinnslugjaldi) eru 901,2 m.kr. á árinu og voru 230,5 m.kr. lægri árið 2005. Þar af er úrvinnslugjald af innfluttum vörum bókfært 700,5 m.kr., af innlendra framleiðslu eru bókfærðar 51,5 m.kr. og af ökutækjum 149,2 m.kr. Fjármunatekjur námu 87,1 m.kr. Úrvinnslusjóður nýtur nú fjármagnstekna af fjármunum sínum hjá ríkissjóði. Fjármunatekjur eru reiknaðar og færðar í bókhald sjóðsins af Fjársýslu Ríkisins.

Endurgreitt úrvinnslugjald vegna leysiefna, sem notuð eru í innlenda málingarframleiðslu, er bókfært 0,7 m.kr., vegna útlutnings nam það 0,2 m.kr. og vegna eigin endurnýtingar tveggja fyrirtækja 7,5 m.kr. Afskrifað úrvinnslugjald nam 1,1 m.kr. Nettótekjur af úrvinnslugjaldi voru því bókfærðar sem 892,8 m.kr. en 891,7 m.kr. að teknu tilliti til afskrifta.

Heildargjöld án tillits til afskrifta námu 687,6 m.kr. sem er 124,9 mkr. meira en árið 2005. Gjöld án afskrifta vegna spilliefna voru 232,6 m.kr., sem er 33,8 m.kr. meira en árið 2005. Vegna ökutækja 196,4 m.kr., sem er 24,3 m.kr. meira en árið áður. Vegna hjólbarða 69,8 m.kr. sem er 56,8 m.kr. minna en árið 2005. Gjöld vegna heyrulluplasts urðu 50,6 m.kr. og er það 34,3 m.kr. meira en árið

2005. Gjöld vegna pappa- og pappirsumbúða námu 119,3 m.kr., sem er 74,3 m.kr. aukning milli ára og vegna plastumbúða 19,0 m.kr. en þar varð útgjaldaaukningin 15,3 m.kr.

Móttökustöðvargjöld og önnur meðhöndlunargjöld námu 50% af heildargjöldum, flutningsgjöld 13%, söfnunarstöðvargjöld 7%, skilagjald - sem einungis er greitt vegna bifreiða - nam 20% og rekstrarkostnaður skrifstofu var 10% af heildargjöldum.

Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða var jákvæð um 204,1 m.kr. en um 291,2 m.kr. að fjármagnsliðum meðtöldum. Árið 2005 var afkoman jákvæð um 151,9 m.kr. að meðtöldum fjármagnsliðum. Eigið fé nam 1.020,8 m.kr. í árslok. Jákvæð afkoma skýrist fyrst og fremst af afkomu þriggja vöruflokka. Í flokki hjólbarða varð afkoma jákvæð um 142 m.kr. Gjöld urðu lægri en gert hafði verið ráð fyrir vegna þess að á miðju árinu var ekki lengur heimilt að urða hjólbarða og þjónustuaðilar höfðu ekki fundið nýjan endurnýtingarfarveg.

Plastumbúðir skiluðu jákvæðri niðurstöðu um 111 m.kr. og pappumbúðir um 77 m.kr.

Árið 2006 er þriðja árið sem lagt er á heyrulluplast. Tekjur af þeim vöruflokki námu 41,2 m.kr. en gjöld urðu 50,6 m.kr. Tekjur í flokki hjólbarða námu 164,7 m.kr.,

Tafla 4.1
Starfssvæði
sorpsamlaga/
sveitarfélaga og
íbúafjöldi þeirra
árið 2006

Sorpsamlag/sveitarfélag	Starfssvæði	Íbúafjöldi
Sorpa bs.	Höfuðborgarsvæðið (Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík, Mosfellsbær og Kjósarhreppur	191.927
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	Öll sveitarfélög sunnan Hafnarfjarðar og vestan Ölfushrepps	18.912
Sorpsamlag Vesturlands hf.	Öll sveitarfélög í Vesturlandskjördæmi. Reykhólahreppur er talinn hér með	15.284
Vesturbyggð og Tálknafjörður	Vesturbyggð og Tálknafjörður	1.246
Funi	Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavíkurhreppur	5.203
Sorpsamlag Strandasýslu	Öll sveitarfélög í Strandasýslu	841
Húnaþing vestra	Húnaþing vestra	1.083
Austur Húnavatnssýsla	Öll sveitarfélög í Austur Húnavatnssýslu	1.983
Skagafjörður og Akrahr.	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahræppur	4.307
Siglufjörður	Siglufjörður	1.358
Sorpeyðing Eyjafjarðar	Öll sveitarfélög í Eyjafjarðarsýslu, Svalbærssstrandar- og Grýtubakkahreppa. Grimsey talin með	22.278
Sorpsamlag Þingeyinga	Öll sveitarfélög í Þingeyjarsýslu utan Svalbærssstrandar- og Grýtubakkahreppa	4.822
Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar	Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar	815
Sorpstöð Héraðs	Austur-Hérað og Fellahreppur	2.591
Norður-Hérað, Seyðisfjörður, Fljótisdals- og Borgarfjarðarhr.	Norður-Hérað, Seyðisfjörður, Fljótisdals- og Borgarfjarðarhr.	3.500
Sorpsamlag Mið-Austurlands	Fjarðarbyggð	5.675
Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpavogshreppar	Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpavogshreppar	2.888
Hula bs.	Skaftár-, Mýrdals-, og fyrrum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa	983
Sorpstöð Rangárvallasýslu	Árneshreppur, Rangárþing ytra og eystra nema fyrrum Austur- og V-Eyjafjallahreppar	3.382
Sorpstöð Suðurlands	Öll sveitarfélög í Árnessýslu	14.510
Bæjarveitur Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	4.084

Móttækin flokkaður úrgangur eftir starfssvæðum 2006

Heildarmagn [kg]	Heyrúllu- plast	Olía	Leysi- efni	Halógen- erud efna- sambönd	Ísó- syantöt	Oliu- máling	Prent- litir	Raf- hlöður	Blásýru- rafgeymar	Fram- köllunar- efni	Kvika- silfurs- vörur	Varnar- efni	Kæli- miólar	Hjól- barðar	Pappa- og pappirs- umbúðir	Plastu- mbúðir	Öku- tæki
Sorpa bs.	13.640	2.676.419	95.006	9.214	515	215.855	92.376	25.437	754.901	106.817	195	5.252	411	1.489.236	7.463.532	319.050	6.291
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja		290.099	2.844	108		19.068	11	1.320	80.850	415		1		125.110	178.662		286
Sorpsamlag Vesturlands hf.	170.471	295.636	332		70	9.160	2	1.021	63.851	4.057				64.340	37.232	18.220	311
Vesturbýggð og Tálknafjörður	15.510	4.577				393			7.049	240					161.055		31
Funi	21.828	88.841	267	204		2.801			27.760	1.475				28.210	626.360		76
Sorpsamlag Strandasýslu			2			685		297	10.135	98		2	232	31.350			47
Húnaþing vestra	47.120				12	369		6	4.966					45.390			14
Austur Húnavatnssýsla	12.500	42.134				14		283	9.963	269							57
Skagafjörður og Akrahr.	263.760	121.794	975	18		926		491	15.196	1.866				139.880			114
Siglufjörður		15.015	1		2	137		133	2.714	276			53				14
Sorpeyðing Eyjafjarðar	238.950	560.395	601	6.455	1.675	10.952	2.106	3.286	78.115	6.122	37	145	2.774	102.106	396.922		475
Sorpsamlag Þingeyinga	355.730	52.553		43	14	837	240	554	24.284	868		2		235.090	250.497	169.230	78
Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar		98.235				49		134	5.231	241	2			5.100	9.100		11
Sorpstöð Héraðs	12.770	36.810	183	72	18	1.543		581	29.753	2.573	5	17		163.230	8.649		92
Norður-Hérað, Seyðisfjörður, Fljótsdals- og Borgarfjarðarhr.	31.660	131.923			24	517		122	4.825	325		1	12	10.650	6.186		9
Sorpsamlag Mið-Austurlands	600	549.194	7	26	92	2.845		1.075	21.752	397		6	33	59.940	98.786		86
Hornafjörður, Breiðdals- og Djúpvogshreppar	6.960	57.052	225		1	1.105		622	21.285	248				30.865			59
Hula bs.	34.700	3.549	22			534		122	4.056								25
Sorpstöð Rangárvallasýslu	50.200	18.200				734		224	20.297	1.125				87.150			55
Sorpstöð Suðurlands	248.450	153.594	1.938	532		9.394	197	2.730	65.812	3.652	2	57	13	89.190	40.150		399
Bæjarveitur Vestmannaeyja		400.072	59			1.090		463	15.742	702				62.360			89
Allt landið	1.524.849	5.596.093	102.462	16.672	2.423	279.008	94.932	38.901	1.268.537	131.766	241	5.483	3.528	2.769.197	9.277.131	506.500	8.619

Tafla 4.2 Móttækin flokkaður úrgangur eftir starfssvæðum 2006

sem er 98,8 m.kr. minna en árið 2005 en einingarverð úrvinnslugjalds lækkaði um 33% á milli ára. Tekjuafgangur varð 142,0 m.kr. að meðtöldum fjármagnstekjum sem námu 47,3 m.kr. Tekjur af pappirs- og pappambúðum urðu 191,9 m.kr. og tekjuafgangur 77,2 m.kr. Af plastumbúðum námu tekjur 124,5 m.kr. en gjöld aðeins 19,0 m.kr. Tekjuafgangur 110,7 m.kr. Tekjur af ökutækjum urðu 149,2 m.kr., sem er 9,5 m.kr. meira en árið 2005. Halli varð á vörflokknum um 29,4 m.kr. eftir fjármagnstekjum sem námu 18,7 m.kr. Nettótekjur af spilliefnum jukust milli ára úr 213,8 m.kr. í 221,3 m.kr. án tillits til fjármagnsliða.

Í töflu 4.2 kemur fram hvað hefur borist til úrvinnslu á árinu í hverjum vörflokkum á mismunandi starfssvæðum.

Með því að meta magn úrgangs miðað við íbúafjölda má gera samanburð milli starfssvæða óháð íbúafjölda hvers svæðis. Í töflu 4.3 er magn úrgangs í öllum vörflokkum tilgreint miðað við þúsund íbúa á hverju starfssvæði. Það skal haft í huga við samanburð sem þennan að mismunandi starfssemi getur haft meiri áhrif en fjöldi íbúa og ef skil eru ekki regluleg getur t.d. einn farmur af úrgangi skekkt myndina verulega.

4.2 Kostnaður við framkvæmd laga um úrvinnslugjald

Í lögum um úrvinnslugjald er kveðið á um að sérhver vörflokkur skuli vera fjárhagslega sjálfstæður. Úrvinnslugjald er lagt á vörur í hverjum vörflokkum óháð vörum í öðrum vörflokkum. Hver og einn vörflokkur myndar sérstaka rekstrareiningu þar sem tekjum og gjöldum er ætlað að standast. Rekstrarkostnaði skrifstofu hefur verið deilt á vörflokkana í réttu hlutfalli við tekjur (álagt úrvinnslugjald) af vörum í viðkomandi vörflokkum. Fjármunatekjur er hins vegar dreift miðað við meðaltal höfuðstóls í hverjum vörflokkum í ársbyrjun og árslok.

Ljóst er að ekki næst jöfnuður í tekjum og gjöldum hvers vörflokks á hverju ári. Misjafnlega hefur hallað á í rekstri vörflokkanna en með breytingum á úrvinnslugjaldi er stuðlað að jafnvægi þeirra.

Ársreikningur sýnir að verulegur munur er á afkomu

